



Vigdís Finnbogadóttir segir að hún hafi viljað að sýningargestum væri ljóst hve mikils hún metur list kvenna.

Morgunblaðið/Sverrir

KONUR ERU MAGN- AÐIR LISTAMENN

Vigdís Finnbogadóttir,
fyrirverandi forseti Ís-
lands, valdi 15 íslenskar
listakonur á sýninguna
„Þetta vil ég sjá“ sem
opnuð verður í Gerðu-
bergi í dag kl. 16. Lista-
konurnar sjálfar völdu
síðan hvaða verk þær
vildu sýna.


VERKIN sem á sýningunni verða eru 15 talsins, eitt eftir hverja listakonu. Sýningin einkennist af fjölbreytni og kennir þar margra grasa. Finna má þar flestallar listgreinar m.a. málverk, skúlpúr, vefnað, leirlist, vídeóverk og leikmynd.

„Ég á mörg falleg verk eftir konur og hefði getað valið úr þeim hópi, en ég ákvað að láta konunum eftir að velja sjálfar og held að margar þeirra hafi viljað sýna nýrri verk sín,“ segir Vigdís og kveður nýtt og ferskt efni þannig vonandi setja svip sinn á sýninguna. „Þetta er í raun listaveisla á verkum kvenna,“ bætir hún við.

Vandasamt að velja eina listakonu fram yfir aðra

„Strax og ég fór að hugleiða þetta efni, „Þetta vil ég sjá,“ langaði mig til að það væri augljóst hvað ég met list kvenna mikils,“ segir Vigdís og bætir við að sér finnst konur magnaðir listamenn, þó kannski sé ekki nógu oft bent á mikilvægi þeirra. „Mér var það því sérlega kært að geta lagt áherslu á að á sýningunni væru aðeins verk kvenna.“

Nú er það svo að þess er óskað að maður velji listamenn sem eru á lífi og það skapar alltaf



Brunnur eftir Kristínu Ísleifsdóttur.

vissan vanda að velja einn listamann fram yfir annan,“ segir Vigdís og jatar að valið hafi verið vandasamt. Síst vilji hún móðga eða særa einhvern þar sem hún telji listakonur á Íslandi upp til hópa mjög góðar. „Ég þekki margar listakonur á Íslandi en auðvitað standa sumar mér nær en aðrar,“ bætir hún við og kveðst því hafa tekið þá stefnu að velja listakonur sem hún umgengst og þekkir persónulega.

Þá finnst sér þó ekki síður ánægjulegt að geta dregið upp mynd af hve víðtæk list íslenskra kvenna sé. „Mér finnst það mjög skemmtilegt og sem leikhúsmáður flaug hugurinn að sjálfsögðu einnig til þeirra kvenna sem hafa komið að leikmyndagerð,“ segir Vigdís, en Messíana Tómasdóttir leggur til sýningarinnar mól af leikmynd og brúður úr verkinu „Maður lifandi“ sem sýnt var í Borgarleikhúsinu sl. vor.

Hefði viljað koma fleiri verkum að


„Það er gaman að geta nýtt rými Gerðubergs betur með því að bjóða einnig upp á þrívíddarverk eins og leikmynd, höggmyndir og leirsmíð,“ segir Vigdís. „Ég hefði þó gjarnan viljað

hafa þrjárvar sinnum stærra rými til að geta komið enn fleiri konum að.“ Hún bætir við að þótt hún hafi miklar mætur á íslenskum myndlistarkonum þá megi ekki skilja það svo að hún hafi ekki líka gaman af verkum karlanna.

Þegar Vigdís er spurð hvort eitthvert eitt listform sé í meira uppáhaldi hjá henni en annað viðurkennir hún að vefnaðurinn skipi ákveðinn sess í huga sér. „Mér þykir vænt um listvefnað, en vil samt ekki taka eitt listform fram yfir annað. Ég er listunandi og vil hafa list í kringum mig. Mér finnst listin nefnilega gefa mannlegri hugsun vængi.“

Hugur manns flýgur einfaldlega af stað þegar maður nýtur góðrar listar og það sem er ekki síður skemmtilegt er að engir tveir líta eitt verk sömu augum. Sem má sjá þegar maður spjallar við vini og kunningja um list og hvaða áhrif hún hefur á mann. Það getur orðið efni í langar og góðar sammræður þegar hughrif hvers og eins koma í ljós.

„Ég gæti ekki lifað án listar og skil hreinlega ekki hvernig það er hægt,“ segir Vigdís, en hún hefur fylgst með myndlist sem og öðrum listgreinum frá því hún var krakki. Listaáhuga sinn



Steinn ammarins eftir Kristjönu Samper.

telur hún hafa kviknað út frá biblíunni. Snemma hafi hún byrjað að skálda í huga sér umhverfi fyrir þær sögur sem þar voru sagðar.

„Ég hef sterkt myndminni og fer til að mynda með heilu myndlistarsýningarnar heim í huganum,“ segir Vigdís og bætir við, „það er gaman að geta tekið myndir með sér án þess að eiga þær. Maður þarf þannig ekki endilega að eignast allar myndir því maður getur allt eins átt þær í hjartanu.“

Það er breiður aldurshópur sem sýnir verk sín í Gerðubergi að þessu sinni og segir Vigdís sjálfsagt að hún velji verk listakvenna eins og Louísa Matthíasdóttur, Ásgerðar Búadóttur, Guðmundu Andrésdóttur og Sigrúnar Guðjónsdóttur sem séu henni næstar að aldri. „Þær eru mér allar mjög kærar,“ segir Vigdís um listakonurnar og bætir við að hún hafi nýlega skrifað aðfararorð að bók Louísa Matthíasdóttur.

„Mér þykir þó ekki síður vænt um að ungu listakonurnar skuli vera með. Ég er hreykin af því að fylgjast vel með nýjum myndlistarmönnum og í því skyni reyni ég að sjá myndir þeirra, kynna mér feril þeirra og þau áhrif sem þær eru greinanleg.“